

Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2015¹

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2015 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 48,7 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 25,7 ma.kr. fjórðunginn á undan. Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður sem nemur 12,3 ma.kr. en þjónustujöfnuður mældist hagstæður um 90,4 ma.kr. Jöfnuður frumþáttatekna var óhagstæður um 4,2 ma.kr. og rekstrarframlög um 25,2 ma.kr. Viðskiptajöfnuður án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var hagstæður um 53 ma.kr. samanborið við 30,7 ma.kr. fjórðunginn á undan.

Halli af rekstrarframlögum var óvenju mikill. Ástæðan er 20 ma.kr. sáttagreiðsla Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna Icesave-innlánsreikninga Landsbanka Íslands. Halli á þáttatekjum var eins og áður að miklu leyti vegna innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 10,1 ma.kr. og tekjur um 4,6 ma.kr. Neikvæð áhrif innlánsstofnana í slitameðferð á þáttatekjujöfnuð námu 5,5 ma.kr. Þáttatekjur án áhrifa þeirra voru því hagstæðar um 1,3 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 5.274 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 12.769 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 7.495 ma.kr. en nettóskuldir lækkuðu um 186 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 3.772 ma.kr. og skuldir 3.750 ma.kr. Hrein staða þannig metin var því jákvæð um 22 ma.kr. og lækkuðu nettóeignir um 62 ma.kr. á ársfjórðungnum. Í töflu 2 er rakin þróun helstu eigna- og skuldaliða á ársfjórðungnum og eru breytingar sundurgreindar í viðskipti í fjármagnsjöfnuði, gengis- og verðbreytingar og aðrar breytingar. Hrein fjármagnsviðskipti leiddu til um 48 ma.kr. bættrar erlendar stöðu. Þar af hækkuðu erlendar eignir um 16 ma.kr. en skuldir lækkuðu um 32 ma.kr. vegna viðskiptanna. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins sem nemur um 144 ma.kr. en á ársfjórðungnum lækkuðu erlendar eignir af þeim sökum um 266 ma.kr. og erlendar skuldir um 410 ma.kr. Gengi krónunnar lækkaði gagnvart

¹ Seðlabanki Íslands innleiddi hinn 2. september 2014 nýja staðla fyrir hagtölur greiðslujafnaðar og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Nánar er greint frá breytingunum í Upplýsingariti Seðlabankans nr. 5, sjá: <http://sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Uppl%C3%BDsingarit/Upplýsingarit5.pdf>

² Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

flestum gjaldmiðlum á þriðja ársfjórðungi eða að jafnaði um 5,4% samkvæmt gengisskráningarvog. Gengið lækkaði þannig um 6,4% gagnvart sterlingspundi, Bandaríkjadal 3,2% og evru 3%. Nokkur lækkun varð á verði erlendra hlutabréfa á ársfjórðungnum eða um 9% að meðaltali. Verð skuldabréfa hækkaði aftur á móti um 1,5%.

Undirliggjandi erlend staða

Athygli er vakin á því að í dag er greining á undirliggjandi erlendri stöðu þjóðarbúsins einnig birt á vef Seðlabanka Íslands.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2014, III</u>	<u>2014, IV</u>	<u>2015, I</u>	<u>2015, II</u>	<u>2015, III</u>
Viðskiptajöfnuður	42,5	25,9	6,2	25,7	48,7
Vöruskiptajöfnuður	-9,6	15,4	3,9	-12,7	-12,3
Þjónustujöfnuður	77,8	11,0	20,4	58,5	90,4
Jöfnuður frumþáttatekna	-21,5	4,0	-13,7	-15,4	-4,2
Rekstrarframlög, nettó	-4,3	-4,4	-4,4	-4,7	-25,2
Jöfnuður fjárframlaga	-0,4	-0,4	-0,4	-0,3	-0,4
Fjármagnsjöfnuður	-5,1	66,6	2,1	103,5	48,0
Bein fjárfesting	-77,6	23,8	-129,5	80,5	-6,1
Verðbréf	-115,3	-65,4	-46,7	15,3	-68,0
Afleiður	0,4	-0,5	-2,7	0,0	5,0
Önnur fjárfesting	130,7	131,8	122,8	-28,0	111,9
Gjaldeyrisforði	56,7	-23,0	58,1	35,7	5,2
Skekkjur og vantalið, nettó	-47,2	41,1	-3,8	78,1	-0,3
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Viðskiptajöfnuður án					
áhrifa gömlu bankanna	49,9	33,0	13,6	30,7	53,0

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok Q2 2015	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok Q3 2015
Erlendar eignir, alls	5.527	16	-266	-3	5.274
Bein fjárfesting	2.144	14	-83	0	2.075
Verðbréf	1.373	-97	-106	0	1.170
Afleiður*	12	-4	3	0	12
Önnur fjárfesting	1.394	97	-58	-2	1.430
Gjaldeyrisforði	605	5	-21	-1	587
Erlendar skuldir, alls	13.208	-32	-410	3	12.769
Bein fjárfesting	2.111	20	-59	3	2.075
Verðbréf	6.131	-29	-189	8	5.921
Afleiður*	20	-9	3	0	14
Önnur fjárfesting	4.947	-15	-165	-8	4.759
Hrein staða við útlönd	-7.681	48	144	-6	-7.495
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Hrein staða við útlönd án innlánsstofnana í slitameðferð	84	57	-100	-20	22

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.